**Nd. 156. Nefndarálit**

um frv. til laga um opinberan ákæranda.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar (HV, BJ og StJSt) hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að meiri hl. núverandi alþingismanna hefir í opinberum málefnasamningi ákveðið, að gagngerð endurskoðun skuli fara fram á núverandi réttarfarslöggjöf, þar á meðal að sjálfsögðu á fyrirmælunum um meðferð opinberra mála, og kemur þá einnig til álita lögskipun opinbers ákæranda, og í trausti þess, að ríkisstjórnin muni leggja fyrir Alþingi 1935 frumvarp til nýrrar réttarfarslöggjafar, er nái til meðferðar opinberra mála, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. okt. 1934.

Héðinn Valdimarsson, form. Bergur Jónsson, fundaskr. Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.